

um athugun á aðbúnaði fanga.

Flm.: Alfreð Gíslason, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd, er í eigi sæti lögfræðingur, geðlæknir og sálfræðingur. Skal nefndin rannsaka allan aðbúnað þeirra manna, sem dæmdir eru hér á landi til refsivistar. Komi í ljós við þá athugun, að aðbúnaðinum sé í einhverjum atriðum áfátt frá sjónarmiði betrunar, skal nefndin gera tillögur um nauðsynlegar endurbætur. Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað álitserð fyrir 1. október 1959.

#### Greinargerð.

Sú skoðun mun almenn, að fangelsismálum þjóðarinnar sé í ýmsu mjög ábótavant. Á það ekki hvað sízt við um þann þátt þeirra, sem mikilsverðastur er, meðferð brotamanna og afvegaleiddra ungmenna. Í menningarþjóðfélagi hlýtur sú meðferð að miðast við það að ná sem bestum árangri í lækningu þeirra sálrænu meinsemda, sem orsaka misgerðir og afbrot. Þessum þætti mun litill sómi sýndur í verki og árangur refsivistar reynast í samræmi við það.

Meðal afbrotamanna eru margir, sem orðið hafa fyrir óhollum áhrifum á viðkvæmu aldurs skeiði og af þeim sökum leiðzt af réttri braut. Aðrir vinna óhappaverk undir áhrifum áfengis eða á annan hátt í sambandi við drykkjuskap. Loks eru í hópi afbrotamanna geðveilir menn og geðveikir, þótt sú bilun þeirra liggja ekki ætíð í augum uppi.

Sú skoðun á nú orðið almennu fylgi að fagna með menningarþjóðum, að með réttum, mannúðlegum og félagslega vekjandi aðferðum megi í flestum tilfellum leiða þetta fólk á rétta braut og hjarga þannig lífi þess því sjálfu og þjóðfélaginu til handa. Áherzla er lögð á að veita hverjum einstökum afbrotamanni þá meðferð, er honum hæfir best. Ástand hans er vandlega rannsakað, og í samræmi við niðurstöðu þeirrar rannsóknar er meðferðin ákveðin. Jafnvel fyrir meðfæddri glæpahneigð gefast menn ekki upp, heldur leitast við að uppræta hana og með vaxandi árangri.

Íslensk fangelsismál virðast bera þess litil merki, að teknar hafi verið til fyrirmyndar þær miklu framfarir, sem í slíkum málum hafa orðið víða um heim, m. a. á Norðurlöndum. Á eina svokallaða vinnuhælið, Litla-Hraun, hefur um áraskeið verið safnað saman flestum eða öllum afbrotamönnum, sem dæmdir hafa verið til verulegrar refsivistar, og hefur þá ekkert tillit verið tekið til þess, hvers eðlis afbrotin voru eða manngerðirnar, sem látnar voru deila aðbúð og kjörum. Afleiðing þessa hefur orðið sú m. a., að óhörðnuð ungmenni, sem fyrst og fremst þarfnast sálarlegrar aðhlyningar og nyt samra starfa, hafa verið ofurseld áhrifum vanrækra og forhertra glæpamanna. Munu þess dæmi, að slík ungmenni hafi þá fyrst orðið löggæzlumönnum alvarlegt viðfangsefni og hættulegt, er þau höfðu aflánað hegningu sína á þessum stað.

Hælið á Litla-Hrauni er í rauninni hvorki vinnuhæli með nútímasniði né heldur innilokunarfangelsi fyrir hættulega glæpamenn. Virðist þar helzt hafa ráðið ríkjum tætinglegt sambland af átjándu aldar hugmyndum um meðferð fanga og nýrri skoðunum um frjálsræði, en þær skoðanir þó án allra tengsla við þau vinnubrögð, sem nútímaþekking á þeim sviðum segir fyrir um. Mun þetta óhæfilega sambland af hörku og agaleysi oftast en einu sinni hafa leitt til hinna alvarlegustu árekstra.

Það skal fram tekið, að hér er ekki verið að veitast að löggæzlumönnum. Þeir hafa sannarlega átt erfiða aðstöðu. Meinið á rætur sínar fyrst og fremst í vanrækslu stjórnarvalda. Nauðsynlegar umbætur á þessu sviði hafa aldrei komið í framkvæmd. Það hefur verið vanrækt allt í senn, að koma upp sómasamlegum stofnunum, að fá sérfróða menn til að móta betrunarmeðferð fanga í samræmi við fengna reynslu erlendis og að framkvæma síðan þá meðferð.

Með þeirri þáttill., sem hér er fram borin, er gerð tilraun til þess að undirbyggja á raunhæfan hátt þær aðgerðir, sem telja verður fullkomna nauðsyn í þessu efni. Nákvæm athugun sérfræðinga á ástandinu, eins og það er nú, ásamt sundurliðuðum tillögum um endurbætur er óhjákvæmilegur undanfari framkvæmda, sem síðan verða að fylgja í kjölfarið. Þann vansæmdarblett, sem fangelsismálin eru nú, ber að afmá hið allra fyrsta.